



# Starfsskýrsla forystuskóla Arnarberg

## Forystuskóli í Hafnarfirði 2011-2012



[www.leikskolinn.is/arnarberg](http://www.leikskolinn.is/arnarberg)

Guðrún Björnsdóttir, verkefnisstjóri  
Oddfríður Jónsdóttir, leikskólastjóri

Leikskólinn Arnarberg  
Haukakrauni 2  
220 Hafnarfjörður

Sími: 5553493  
Bréfsími: 5553949  
Netfang: [arnarberg@hafnarfjordur.is](mailto:arnarberg@hafnarfjordur.is)  
Veffang: [arnarberg.is](http://arnarberg.is)

Hafnarfirði í ágúst 2012

## 1. Inngangur

Kynnið hér tilurð verkefnis, verkefnisstjóra, hlutverk þessarar skýrslu og aðra nauðsynlega kynningu miðað við hvernig staða er á verkefni.

Á kennarafundi í marsmánuði 2008 var ákveðið að sækja um að gerast forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi í leikskóla. Áður hafði verið unnið þróunarverkefni við skólann um læsishvetjandi umhverfi í tvö ár. Forystuskólaverkefnið hófst síðan það haust og erum við því að klára fjórða árið okkar sem forystuskóli. Við skólann störfuðu alls 26 starfsmenn í mismiklu stöðuhlutfalli þar af 10 menntaðir kennarar og einn starfsmaður með BS í sálfræði.

Til þess að nálgast verkefnið höfum við til hliðsjónar ýmsar kenningar og hugmyndir fræðimanna hvað varðar leik og læsisþróun barna á forskólaaldri. Má þar m.a. nefna kenningar Catherine Snow (1993), prófessors í læsisfræðum og máltöku barna við Harvard Graduate School of Education, USA og Rósu Eggertsdóttur(2007), kennara við Háskólann á Akureyri. Catherine Snow telur að góður orðaforði og almenn þekking sé það sem gerir barn að góðum lesara. Hún telur að leggja beri áherslu á talmál hjá forskólabörnum og að miklu máli skipti að gera umhverfið fjölbreytt og ögrandi.

Bókalestur sem fylgt er eftir með spurningum og umræðum um efnið, örvi mál og læsisþróun hjá börnum og að góður orðaforði sé mikilvægur þáttur og forsenda lesskilnings. Rósa (2007), telur að þroskuð hljóðvitund og þekking á stöfum tvo bestu forspárþætti um gengi áframhaldandi lestrarnáms.

Verkefnisstjóri er Guðrún Björnsdóttir, sem einnig hefur umsjón með sérkennslu við skólann og hefur sinnt verkefnisstjórnun í 10% starfi. Einnig hafa Oddfríður Jónsdóttir leikskólastjóri og Björg Geirsdóttir aðstoðarleikskólastjóri tekið virkan þátt í skipulagningu verkefnisins ásamt deildarstjórum. Við undirbúning og skipulagningu verkefnisins á sínum tíma nutum við aðstoðar Guðfinnu Guðnadóttur leikskólakennara, sem þá starfaði sem aðstoðarleikskólastjóri við skólann og átti mikinn þátt í þeirri vinnu og við áður nefnt þróunarverkefn.

Við munum nú í þessari skýrslu fara yfir vinnu síðasta vetrar ( 2011 - 2012). Skoða hvað gekk vel og hvað gera má betur og hvort einhverjar breytingar hafa orðið.

## 2. Skipulag og framkvæmd verkefnis

Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins eftir mánuðum? Útlistið sem flest atriði en útskýrið hvert þeirra í stuttu máli.

Mánuður	Framkvæmd verkefnis eftir mánuðum
Sumar '11	Útskrift elstu barna(júní). Vettvangsferðir og aðlögun nýrra barna. Gerð skýrsla fyrir síðasta skólaár. Á starfsmannafundi 15. ágúst, sagði verkefnisstjóri frá því að ákveðið hefði verið á deildarstjórafundi að nota lettrið Comic Sans MS í merkingum og umræður voru um námskrár aldurshópa og skipulag/verkefnaval vinnustunda.
September	Aðlögun nýrra barna að mestu lokið. Kynnig á verkefni og fyrirhugaðri vinnu vetrarins sett upp í miðhúsi. Á fagfundum 5. september fór verkefnisstjóri yfir áherslur haustannar. Viðfangsefni september- og októbermánaðar „Haustið, ég og hópurinn minn“. Hópastjórar völdu sér verkefni og bækur til að vinna með. Á skipulagsdegi þriðjudaginn 27. september var fyrirlestur/kynning frá leikskólanum Urðarhóli á verkefninu <i>Leikur að bókum</i> . Hópastjórar aldurshópa hittust og báru saman bækur sínar. Guðrún verkefnisstjóri sagði frá fyrirlestri C. Snow.
Október	Kynning á verkefninu á foreldrafundi 4. október Haldið upp á 30 ára afmæli leikskólans 7. október Byrjað var að fara aftur með hópa í Bókasafn Hafnarfjarðar annan hvern miðvikudag. Danskennsla fyrir alla nemendur skólans á föstudögum í október. Lýðræðisvika 10. – 16. október. Danskennsla. Á starfsmannafundi 24. október var Emilía Kristjánsdóttir leikskólakennari með fyrirlestur um læsi.
Nóvember	Í nóvember voru íslenskar bókavikur í skólanum í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember. Þá var áhersla lögð á að lesa og fjalla um bækur eftir íslenska barnabókahöfunda. Nemendur 1. og 7 bekkjar Lækarskóla komu í heimsókn og lásu fyrir börnin. Á skipulagsdegi 17. Nóvember var Bára Fjóra listgreinakennari með glærusýningu og kynningu á starfi í listastofu í tengslum við vinnu með bókum. Starfsfólki var síðan skipt í hópa og hver hópur skoðaði bók og fann hvaða þroskaþætti bókin eflði. Viðfangsefni mánaðarins var „Veturinn – ég og leikskólinn minn“.
Desember	Jólaþema. Hugað að mati og umræður um mat og þá vinnu sem farið hafði fram á deildum.
Janúar '12	Þjóðsögur og ævintýri voru aðal viðfangsefni í janúar á flestum deildum skólans, en yngstu börnin voru að fjalla um líkamann. Að sjálfsögðu komu inn þjóðlegar hefðir og viðburðir og haldið upp á Þorrann með þorrablóti og á Bóndadaginn komu afar og pabbar í morgunmat, þar sem boðið var upp á hafragraut og slátur.
Febrúar	Unnið áfram með þjóðsögur og ævintýri í eldri hópum, en þema yngri barna var „Ég og fjölskyldan“. Á degi leikskólans 6. febrúar var skemmtun í sal allar deildir voru með uppákomur. Ömmu- og mömmukaffi 17. febrúar. Öskudagsgleði 22. Foreldraviðtöl hófust
Mars	Foreldraviðtöl. Í mars var viðfangsefni flestra "Ljóð og ljóðagerð", en yngstu börnin voru með verkefnið "Ég og vinir mínir". Á starfsmannafundi 15. mars var Ásthildur Snorradóttir með fyrirlestur <i>Snemmtæk ihlutun í málörvun ungra barna</i> . Litadagar á miðvikudögum í leikskólanum
Apríl	Unnið með málshætti eftir páska. Börnin komu með málshættina sem þau höfðu fengið, þeir lesnir og merking þeirra rædd Unnið með form og stærðfræði, vorið og umhverfið. 19 – 22. Námsferð starfsfólk til Þýskalands.
Mái	Skólahópur sameinaðist og flutti í sal leikskólans. Þar sem hann var í tvo mánuði við leik og störf. Lögð var áhersla á lestur, sögur, ljóð og ritun og einnig var mikið farið

## FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2011-2012: ...SKÓLI

	í vinnustaðaheimsóknir og vettvangsferðir og unnið úr hverri ferð. Útskrifarferð elstu barna. Aðlögun nýrra barna og á milli deilda. Verkefnisstjóri lagði könnun fyrir tvo elstu árganga skólans á námsþáttum. Deildir voru duglegar að fara með börnin í vettvangsferðir út fyrir leikskólann .
Sumar	Útskrift elstu barna. Börnin sungu og fóru með ljóðið <i>Fjallgangan</i> eftir Tómas Guðmundsson. Vorhátíð 8. júní á vegum foreldrafélagsins, þar sem m.a var boðið upp á leiksýningu. Hjóladagur 12. júní . Starfsmannakönnun um verkefnið. Unnið að gerð þessarar skýrslu og veturinn endurmetinn.



Unnið og leikið með orð. Búið til eitt orð úr tveimur.



Í skrifstofuleik.

### 3. Endurmenntun og ráðgjöf.

Tilgreinið hér hvaða endurmenntun verkefnisstjóri/-ar sóttu sér í vetur, hvaða endurmenntun var innan skólans sem tengdist verkefninu og hvað ráðgjöf og kynningar skólinn veitti sem tengdist verkefninu (s.s. heimsóknir, erindi, skrif, ráðgjöf við einstaklinga)

#### A. Endurmenntun verkefnisstjóra:

Námskeið fyrir verkefnisstjóra forystuskóla skólaárið 2011-2012 á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar voru engin á skólaárinu.

1. Guðrún verkefnisstjóri og einn deildarstjóri fóru á námskeið *Stig af stigi* í ágúst 2011.
2. 14. september, Guðrún verkefnisstjóri og Oddfríður leikskólastjóri fóru á fyrirlestur Caterine Snow í HÍ.
3. Fyrirlestur 13. október : *Tengsl máls og læsis* Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir haldið í Kópavogi.(verkefnisstjóri og tveir kennarar)
4. Ráðstefna 7. nóvember um Aðalnámskrá leikskóla, leikskólastjóri og verkefnisstjóri.
5. Verkefnisstjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu námskeið á vegum Skólaskrifstofu um skólanámskrárgerð.

#### B. Endurmenntun fyrir starfsfólk skólans:

1. 27. september fyrirlestur/kynning fyrir alla starfsmenn á verkefninu *Leikur að bókum*, kennarar frá leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi
2. Á starfsmannafundi 24. október var Emilía Kristjánsdóttir leikskólakennari með fyrirlestur um læsi.
3. Á skipulagsdegi 17. nóvember var Bára Fjóra listgreinakennari með glærusýningu og kynningu á starfi í listastofu í tengslum við vinnu með bækur.
4. 15. mars 2012 , Fyrirlestur á starfsmannafundi. *Snemmtæk íhlutun í málörvun ungra barna* Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur.
5. 21. maí fóru leikskólastjóri og listgreinakennari á námskeiðið *Stig af Stigi*

#### C. Ráðgjöf og kynningar um verkefnið:

1. 15. ágúst. Kynnig fyrir starfsfólk skólans og farið yfir verkefni/áherslur fram til áramóta.
2. 30. september. Kynning fyrir foreldra á foreldrafundi.
3. 3. október var leikskólinn sýndur og verkefnið kynnt fyrir kennurum frá leikskólanum Hnoðrabóli í Reykholtssdal
4. 9. desember. Heimsókn frá leikskólanum Holtakoti á Álftarnesi, stutt kynning á verkefni og leikskólinn sýndur.

#### 4. Mat á verkefninu

Útlistið hvernig gekk að ná einstaka markmiðum sem stefnt var að og hvað væri hægt að gera betur.

##### Matsþáttur 1: Verkefnisstjórnun

Aðallega voru það verkefnisstjóri, stjórnendur og deildarstjórar sem unnu saman að framgangi og skipulagi verkefnisins. Verkefnisstjóri og leikskólustjóri unnu að skýrslugerð.

##### Matsþáttur 2: Upplýsingamiðlun/kynningarstarf

Verkefnisstjóri sá um kynningar á verkefninu til starfsmanna og foreldra. Hann sá einnig um að setja inn fréttir og upplýsingar um verkefnið á tengil á heimasíðu skólans. Leikskólustjóri og verkefnisstjóri tóku á móti og kynntu verkefnið fyrir kennurum frá leikskólanum Hnoðrabóli í Reykholtssdal og Holtakoti á Álftanesi. Í júní kom út skýrsla frá mennta-og menningamálaráðuneyti þar sem fjallað var um málörvun í tíu leiksólum landsins og var Arnarberg einn af þeim.

##### Matsþáttur 3: Endur- og símenntun

Reynt var að fremst megni að senda starfsfólk á fundi og fyrilestra á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, en það varð að taka mið af mönnum skólans hverju sinni og ekki alltaf hægt að uppfylla óskir allra. Samt sem áður náðum við að senda um 60 sinnum einhvern frá okkur á námskeið eða fyrirlestur á vegum skólaskrifstofu og teljum við það ásættanlegt. Því miður hefur enn ekki orðið að því að fá fyrirlestur um mat eins og til stóð en það er þó enn á dagskrá og vonandi verður það á næst skólaári.

##### Matsþáttur 4: Skólaþróun með forystuskólaverkefni

Samvinna starfsfólks er góð og finnst flestum þetta mjög skemmtileg vinna. Verkefnahefti aldurshópa, sem við tókum saman er einning að skila markvissari vinnu, þar sem hver og einn kennari veit hvað hann á að taka fyrir og munum við meta þau og þróa áfram. Því miður varð ekkert úr því að gera ítarlegar leiðbeiningar fyrir kennara um hvernig hægt er að samþætta betur verkefnið við aðra námsþætti skólans, en á starfsmannafundi 17. nóvember var unnið með nokkrar bækur og skoðað hvaða þroskaþætti bókin eflði og hvernig hægt væri að nýta það. Nokkrar upptökur voru gerðar, sem hægt væri að nýta til leiðbeininga, en vinna þarf þær betur.

##### Matsþáttur 5: Fagþróun

Við teljum að allflestir starfsmenn hafi bætt við þekkingu sína í vinnu með verkefnið. Við höfum reynt að leggja áhersla á að fólk tileinkaði sér skráningu og mat á eigin frammistöðu og vinnu með börnunum, en það verður að segjast að það gekk nú svona upp og ofan eins og áður. Gert var ráð fyrir að starfsfólk nýtti sér skráningarblöð við þennan þátt, en það var misjafnt hvað það komst yfir að skrá og fara yfir skráningu. Þennan þátt þarf að bæta og reyna koma honum í fastari farveg. Nokkrir kennarar nýttu sér skráningarblað/matsblað til að láta börnin sjálf meta þær bækur sem unnið var með og verkefnisstjóri lagði könnun fyrir tvo elstu árganga skólans í maí/júní, þar sem börnin lögðu mat á helstu námsþætti. Þess ber að geta að tími til að hittast og fara yfir veturinn og /eða ræða um fagbækur gafst ekki þar sem eðeins einn fagfundur var á síðasta skólaári vegna niðurskurðar. Eins og áður var lögð áhersla á að bækur og ritföng væri aðgengileg fyrir börnin á deildum og ákveðin staður þar sem börnin gátu verið í næði við að lesa/skoða bækur. Hlutverkakassar með ritföngum eru orðin vinsælir eins og t.d. skrifstofuleikur, þar sem eru tæki og tól og skrifföng. Sem fyrr merkjum við aukinn áhuga barnanna á bókum, þau fara að eigin frumkvæði í bókahillurnar og koma sér fyrir á rólegum stað til að lesa eða skoða bæði ein eða fleiri saman. Þau ræða sama um myndir og innihald bókanna og lesa þær á sinn hátt hvert fyrir annað. Húsgögn, hirslur og vinnuumhverfi barnanna er merkt með myndum og orðmyndum og einstök orð og orðasambönd sett upp á vegg.

### Matspáttur 6: Virkni

Í heild má segja að virkni starfsfólks hafi verið nokkuð góð. Nokkuð var um veikindi og forföll í skólanum, sérstaklega á einni deild og kom það nokkuð niður á verkefninu. Þeir fáu fundir sem haldnir voru utan venjulegs vinnutíma fóru að mestu leyti í annað eins og t.d. innleiðing SMT í skólann sem tekur líka sinn tíma. Reynt var að halda inni fundum hópstjóra hvers aldurs hóps og tókst það einu sinni á haustönn. Þó svo að stundum hafi gætt þreytu í starfsmannahópnum, þá er samt fólk ánæggt og þykir gaman að vinna með verkefnið og það vekur alltaf jafnmikla gleði meðal okkar að sjá börnin ná sér í bók og fara að lesa.

### Matspáttur 7:

### Matspáttur 8: Heildarmat starfsárs

Þetta hefur að mörgu leyti verið skemmtilegt og ánægjulegt ár, þó svo að nokkur óvissa hafi verið um fjármagn og við nokkuð afskiptar og án utanaðkomandi ráðgjafar. Við teljum þó að nokkuð hafa áunnist en jafnframt að alltaf má gera betur. Eins og áður sjá deildarstjórar aukin áhuga barnanna á bókum og bókalestri og að þau leita sjálf í að ná sér í bækur til að skoða/lesa þegar tími og tækifæri gefst. Þetta skilar sér í meiri ró á deildum sérstaklega á tímum sem áður voru erilsamir og oft háværir. Ræðupúlt sem skólanum var gefið á síðasta ári hefur verið vel nýtt og notað í vinnu með tveimur elstu árgöngum leikskólans. Það sýndi sig líka greinilega í útskrift elstu barnanna 8. júní að þau voru orðin vön að koma fram og tala. Þar fóru þau með ljóð og sungu fyrir foreldra og gesti og kynntu sjálf. Umföllun í Fjarðarpóstinum 14. júní 2012). Starfsfólk er einnig öruggara og óstressaðra í vinnu með verkefnið. Því finnst að þessi páttur sé að verða hluti af daglegu starfi og er það frábært þar sem það er markmiðið með verkefninu. Við höfum reynt að láta það ekki angra okkur um of að hafa ekki getað skráð og metið eins og við gerðum ráð fyrir í upphafi. Skráning og mat eru þeir þættir, sem hafa orðið nokkuð útundan. Við ákváðum að taka mikið af ljósmyndum og nota það sem skráningu í stað þess að skrifa niður, sem er tímafrekara. Upptökuvélar sem við eigum eru orðnar lélegar og tölvurnar í leikskólanum réðu illa við vinnu með þær. Þetta horfir til betri vegar þar sem keypar voru tvær nýjar upptökuvélar í sumar, sem vonandi nýtast vel næsta skólaár.

Lögð var áhersla á að uppfæra og setja reglulega inn fréttir á heimasíðu skólans og deildarstjórar voru duglegir að setja inn fréttir og pösl á deildarfréttir viðkomandi deilda.

Við vitum að verkefnið býður upp á ýmsa möguleika, sem hægt er vinna enn frekar og margar hugmyndir hafa kveiknað. Ömmu- og afastundirnar sem við byrjuðum með voru t.d. bráðskemmtilegar, en því miður komu engar ömmur eða afar til okkar í því skini að fræða börnin, en Ömmu – og afastundir verða ráðgerðar áfram. Hlutverkaleikir sem innihalda bækur og ritföng eru líka orðnir vinsælli eins og t.d. skrifstofuleikir og búðarleikir. Það er mjög skemmtilegt að fylgjast með börnunum í þessum leikjum, þau nýta það sem til er og lifa sig inn í leikinn. Eins eru börnin farin að finna upp á að vinna með stafi og orð á eigin spítur eins og t.d. setja saman orð (eitt orð úr tveimur). Kennarar af erlendu bergi, sem starfa við skólann hafa haft orð á því að þeir hafi lært heilmikið af börnunum því þau séu svo dugleg að finna orð sem hægt er að tengja saman.

Þó svo að erfiðleikar stæði enn að í þjóðfélaginu þá leggst næsta skólaár nokkuð vel í okkur og hlökkum við til að halda áfram að vinna að þessu verkefni. Við sjáum það nú þegar þessi vinna skilar sér í ánægju barna og starfsfólks og hefur verið mikil innspítung í/og auðgað skólalastarfið.

Það er líka gaman að segja frá því að grunnskólakennarar sem taka við börnunum okkar hafa haft fyrir því að láta okkur vita hvað þau séu með góðan grunn fyrir lestrarnám og hvað þau séu áberandi dugleg að hlusta. Foreldrar sem dvelja hjá okkur og gestir finna þetta líka og hafa orða á því að okkar börn séu þrúð og róleg.

5. Fjárhagsniðurstaða fyrir síðasta starfsár (frá 1. ágúst 2011 til 31. júlí 2012):

GJÖLD:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Verkefnisstjórn	Kr. 415.042	Laun Verkefnast.
Endurmenntunarkostnaður	Kr. 25.000	Fyrirlestur
Kennslugagnakostnaður	Kr. 38.931	Kennslubækur ofl.
Annar kostnaður:	Kr. 185.866	Myndav/upptökuv
-	Kr. 21.804	Blek/plast ofl.
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr. 641.643</b>	

TEKJUR:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Forystuskólaverkefnisstyrkur fræðsluráðs	Kr. 1.200.000	
Aðrar tekjur:	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr.</b>	

**Tekjur mínus gjöld**

**samtals kr. 558.357**

Hafnarfirði 14 ágúst. 2012.

Oddfríður Jónsdóttir  
Skólastjóri

\_\_\_\_\_  
Skólastimpill



## 6. Starfsáætlun næsta skólaárs

Kynnið hér hvernig stefnt sé að því að þróa og halda verkefninu áfram næsta vetur, s.s. hvaða verkefni verða í gangi innan skólans, hvaða endurmenntun sé stefnt að og hvernig ráðgjafarhlutverkið verði þróað.

### A. Markmið komandi starfsárs

Meiginmarkmið næsta skólaárs er að vinna áfram þróun starf-og kennsluhátta. Gera umhverfið þannig úr garði að það kveiki áhuga á læsi, sögum, bókum, rituðu máli og vönduðu, auðugu málfari og verði uppspretta gleði og ánægju barnanna. Þjálfar starfsfólk í skráningu og mati og styrkja fagvitund. Halda áfram að halda úti ítarlegri og áhugaverðri heimasíðu.

Könnun meðal kennara, sem gerð var í júní varðandi fyrirkomulag þemaverkefna leiddi í ljós að yfirleitt eru kennarar ánægðir með það fyrirkomulag sem við unnum eftir síðastliðið skólaár. Það fól í sér meiri sveigjanleika bæði í bókavali og í vinnu með bók eða viðkomandi þema. Þetta teljum við til bóta þar sem við hljótum að taka mið af leik barnanna, áhuga, úthaldi og sköpunargleði hverju sinni og það skiptir mestu máli að þeim finnist skemmtilegt og verkefnið veiti þeim gleði og ánægju. Næsta skólaár verður farið í vinnu nýrrar skólanámskrár

### B. Framkvæmdaáætlun

Mánuður	Framkvæmdaáætlun næsta vetrar
Sumar '12	Elstu börnin fluttust í salin í byrjun maí og voru þar saman fram að sumarfríi. Útskrift 8. júní. Áhersla á að skoða Hafnarfjörð og nánasta umhverfi skólans. Vettvangs-og vinnustaðferðir og aðlögun nýrra barna og barna milli deilda. Gerð skýrsla fyrir síðasta skólaár. Farið yfir niðurstöður viðhorfskannana frá því í júní og þær skoðaðar. Undirbúningur fyrir næsta skólaár. Kennarar hittast á fagfundi í ágúst og undirbúa vinnu að leiðbeiningum fyrir kennara um hvernig við getum samþætt verkefnið inn í alla námsþætti og útbúa sýnilegar reglur um hvernig við umgöngumst bækur. Áframhaldandi vinna við verkefnið mótuð m.a. út frá niðurstöðum kannana Samráðsfundir hópstjóra á starfsmannafundi og deildarstjórar ákveða áherslur hvernar deildar í samráði við sitt starfsfólk. Farið yfir og rætt um áherslur haustannar með kennurum og listgreinastjóra og kynna verkefnið fyrir nýju starfsfólki. Hefja skólaárið og klára aðlögun nýrra barna.
September	Upprifjun í málrækt fyrir alla aldurshópa. Að tilefni <i>Alþjóðadag læsis</i> 8. september, fá öll börn að velja sér bók að láni úr bókasafni skólans og fara með hana heim 7. -10. september, auk þess sem lesið verður á öllum deildum og rætt um hann föstudaginn 7. september. Byrjað að fara aftur í ferðir í Bókasafn Hafnarfjarðar. Danskennsla
Október	4. október foreldrafundur, þar sem verkefnið er kynnt og farið verður yfir þróun þess og markmið. Unnið að upptökum og skráningu. Danskennsla og sýning fyrir foreldra.
Nóvember	Íslenskar bókavikur í tengslum við <i>Dag íslenskrar tungu</i> 16 nóvember. Mánuðurinn helgaður barnabókum eftir íslenska barnabókahöfunda. Börnin hvött til að koma með eigin bækur að heiman. Upptökur skoðaðar og metnar.
Desember	Jólaþema, deildarstjórar og kennarar meta starfið fyrrihluta vetrar og leggja drög að áframhaldandi vinnu við verkefnið. Farið yfir og rætt um áherslur vorannar með kennurum. Samráðsfundir og endurmat hópstjóra

**FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2011-2012: ...SKÓLI**

Janúar '13	Unnið m.a. með þjóðsögur og ævintýri og áhersla á að styrkja börnin í tjáningu og framsögn. Reyna að fá fyrirlestur um mat á starfinu. Vinna að stærri verkefnum í samráði við listgreinastjóra
Febrúar	Sýning á vinnu og verkum nemenda á <i>Deigi leikskólans 6. febrúar</i> . Áframhaldandi vinna með framsögn, tjáningu og skapandi starf með sýningum og uppákomum í sal. Foreldraviðtöl
Mars	Sjónum beint að ljóðum og ljóðagerð. Páskaþema. Foreldraviðtöl
Apríl	Halda upp á <i>Alþjóðadag barnabókarinnar 2. apríl</i> með því að lesa sögur og ævintýr eftir H.C Andersen. Unnið með málshætti og merkingu þeirra. Myndbandsupptaka og mat.Samráðsfundi og endurmat hópstjóra. Mat á námsþáttum lagt fyrir tvo elstu árganga skólans.
Maí	Flutningur barna milli deilda og aðlögun nýrra barna. Vettvangsferðir
Sumar	Gerð þessarar skýrslu lokið ...

## FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2011-2012: ...SKÓLI

### C. Endurmenntunaráætlun verkefnisins og skólans

Reyna að sjá til þess að þeir fyrirlestrar sem fyrirhugaðir eru verði haldnir. Stuðla að því að námskeið og fyrirlestrar sem í boði verða á næsta skólaári verði nýttir. Efla og hvetja kennara til að þjálfa sig í upptökum og sjálfsmati, sem og í skráningu og mati í vinnu með börnunum og stuðla þannig að aukinni fagvitund og starfsánægju.

Endurmenntunaráætlun leikskólans samkvæmt ársáætlun:

#### Starfsmannafundir

Allt árið	8 skipti, 2 klst í senn	0	0	
-----------	-------------------------	---	---	--

#### Fyrirlestur og handleiðsla um innra mat á skólastarfi

Til að auka þekkingu útfæra og þróa	mar	4 klst og eftirfylgni	2850	80.000	80.000
-------------------------------------	-----	-----------------------	------	--------	--------

#### Styrkja starfsfólk

Styrkja starfsfólk í gagn reyndum aðferðum við málörvun	haust	4 klst	0	0	Ásthildur Snorrá
---	-------	--------	---	---	------------------

#### Skólanámskrá

Að öðlast sameiginlega sýn á aðalnámskrá leikskóla	Allt árið	3 klst	0	0	Faghópur /leisk
--	-----------	--------	---	---	-----------------

#### Rétt líkamsbeiting

Að læra að bregðast við álagsþreitu		2 klst	700	20.000	20.000
-------------------------------------	--	--------	-----	--------	--------

#### Jafnréttismál

Að öðlast sameiginleg sýn í jafnréttism	mar	24 klst			30.000
---	-----	---------	--	--	--------

#### Innleiða SMT/stuðningur við teymið og allt starfsfólk

styrkja starfið og samræma aðferðir	allt árið	2 klst í mánuði eða meira.	0	0	Björg H G og annað fagfólk
-------------------------------------	-----------	----------------------------	---	---	----------------------------

#### Áhersla á ytra mat leikskólans og sjálfsmat

styrkja alla í góðum vinnubrögðum	nóv	4 klst	0	0	80.000
-----------------------------------	-----	--------	---	---	--------

#### Vinna með skrifaðan texta

styrkja starfsfólk við skrif á heimas.	allt árið	jafnt og þétt	0	0	Björg
--	-----------	---------------	---	---	-------

#### Skapandi vinnustaða rýni

bæta liðsandann og rýna í starfið	Okt	4 klst			83.200
-----------------------------------	-----	--------	--	--	--------

#### Story telling- hvernig á að segja sögu

styrkja starfsfólk í að segja sögur	Sept	3 klst	0	0	70.000
-------------------------------------	------	--------	---	---	--------

**Áætlaður kostnaður sem sótt er um í símenntunarsjóði fyrir árið 2012: 338.200**

## 7. Matsþættir komandi starfsárs

Setjið viðmið um árangur næsta starfsár

### Matsþáttur 1: Verkefnisstjórnun

Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri, stjórnendur, deildarstjórar og aðrir kennarar skipuleggi mestmegnis vinnu á deildum á næsta skólaári, sem er síðasta ár verkefnisins. Á deildarstjórafundum 14. júní var ákveðið að reyna að samþætta verkefnið enn betur að öðrum námsþáttum og kæmi listgreinakennari í meira mæli inn í þá vinnu.

### Matsþáttur 2: Upplýsingamiðlun/kynningarstarf

Setja reglulega upplýsingar og fréttir af verkefninu á heimasíðuna og hvetja foreldra og aðstandendur til að skoða og nota hana. Kynna áherslur næstu annar fyrir kennurum í lok ágúst og í lok desember. Reyna að koma skólanum enn frekar á framfæri í fjölmiðlum/blöðum (t.d. Fjarðarpóstinn og Skólavardan) og kynna þannig verkefnið og auglýsa leikskólann sem forystuskóla í læsishvetjandi umhverfi. Kynna verkefnið á foreldrafundi í október og fá hugmyndir og athugasemdir frá foreldrum og gera þá þar með þáttakendur í þessari vinnu okkar.

### Matsþáttur 3: Endur- og símenntun

Starfsfólk hefur óskað eftir að fá fyrirlestur um hvernig á að segja sögur. Fá námskeið í mati fyrir alla kennara. Vonandi getum við sótt þau námskeið sem í boði eru á hverjum tíma sem tengjast okkar verkefni. Efla þekkingu og virkni með bókum um efnið. Hafa kynningarfund fyrir kennara um verkefnið, markmið og framgang/stöðu þess. Heimsóknir í skóla sem eru að vinna að svipuðum verkefnum. Einn kennarinn okkar er í fjarnámi í Náms- og kennslufræði, kjörsvið: Mál og læsi. M.E.d.

### Matsþáttur 4: Skólaþróun með forystuskólaverkefni

Það sem við viljum er að efla enn fremur fagvitund auka og efla skráningu, upptökur og annað sem kemur verkefninu til góða. Skoða og bera saman upptökur með ákveðnu millibili, þannig getum við sýnt og séð árangur t.d. í hlustun hjá mjög ungum börnum. Miðla til annarra sé þess óskað. Leggja mat á verkefnaöppur hvers aldurshóps og bæta í og þróa áfram. Nota vettvangsferðir enn frekar til að gera börnin læs á umhverfi sitt. Gera á hverju skólaári könnun meðal barna og kennara um leikskólastarfið og þar með vinnu sem tengist verkefninu.

### Matsþáttur 5: Fagþróun

Halda áfram að reyna að taka upp og meta. Leikskólinn verði sér úti um eða kaupi fagbækur sem tengjast verkefninu og gera þannig starfsfólki kleift að verða sér út um lesefni um efnið. Einnig að vera vakandi yfir greinum sem tengjast bernskulæsi og læsishvetjandi þáttum sem gefnar eru út í blöðum eða á netmiðlum. Reynt verður að halda utan um þennan þátt og ígrunda hann á fagfundum ef fjárráð leyfa.

### Matsþáttur 6: Virkni

Sjá til þess að allir séu virkir og séu þátttakendur. Hvetja hópstjóra til að hafa samráð og miðla sín í milli með því að samráðsfundir hópstjóra verði reglulega yfir skólaárið, a.m.k. tveir fundir fyrir hvern aldur á önn. Hvetja alla að koma með nýjar hugmyndir sem fela í sér að gera umhverfið læsishvetjandi. Einnig að vera vakandi fyrir nýjungum, hugmyndum og lesefni til að efla fagvitund og nýta tækifæri til að miðla og deila hugmyndum og skoðunum innan starfsmannahópsins. Virkja mannauð, styrkleika og áhuga hvers og eins þannig að hver og einn fai notið sín.

### Matsþáttur 7:

**Matspáttur 8:** Heildarmat starfsárs

Náist að framfylgja ofangreindum þáttum teljum við það stuðla að aukinni fagþekkingu, virkni og góðu upplýsingaflæði, innan kennarahópsins, milli deilda og til foreldra. Jafnframt því að skapa börnunum þroskavænlegt, áhugavert og námshvetjandi umhverfi, sem leiði af sér aukna skólaþróun, gleði og ánægju barna, foreldra og kennara.

Bætið inn fleiri matsatriðum eftir því sem þurfa þykir.

FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2011-2012: ...SKÓLI

8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs (frá 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2013):

GJÖLD:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Verkefnisstjórn	Kr. 415.042	
Endurmenntunarkostnaður	Kr. 120.000	
Kennslugagnakostnaður	Kr. 480.000	
Annar kostnaður:	Kr. 184.958	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr. 1.200.000</b>	

TEKJUR:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Forystuskólaverkefnisstyrkur fræðsluráðs	Kr. 1.200.000	
Aðrar tekjur:	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr.</b>	

**Tekjur mínus gjöld** samtals kr. 0

Hafnarfirði 14.ágúst. 2012.

\_\_\_\_\_  
Skólastjóri

\_\_\_\_\_  
Skólastimpill

## 9. Lokaorð

Takið viðfangsefni skýrslunnar saman, þ.e. hvernig verkefnið gekk í heildina, hvaða atriði reyndust vera þröskuldar (fjármagn, vinna kennara/verkefnisstjóra/skólalastjórna, skipulagsmál o.þ.h.), hvað gekk vel, hvaða stuðningur kom að gagni o.fl.

Þegar horft er til baka á þetta fjórða skólaár þá finnst okkur nokkuð ánægð með hverning til hefur tekist. Starfsfólk eru sammála um að vinnan með verkefnið sé skemmtileg og hafi skilað sér í auknum áhuga barna á bókum, lestri bóka, rituðu máli, tjáningu og sköpun. Áhrif verkefnisins er einnig farin að sjást meira og meira í leik barnana þar sem þau sækja í auknum mæli í að leika með stafi og orð á ýmsan hátt. Þau eru dugleg að skoða stafina, búa til stafi t.d úr leir og skrifa stafi og herma eftir rituðu máli. Þau koma í auknum mæli með eigin bækur að heiman til að lesa í leikskólanum og/eða að sýna vinum sínum. Viðbrögð foreldra gagnvart verkefninu hafa einnig verið mjög góð, margir hafa sýnt því áhuga og lýst yfir ánægju sinni með það.

Eftir því sem leið á skólaárið sáum við breytingu hjá nýjum börnum eins og árin áður í því að þau voru farin að sækja í bækur og njóta samvista hvers annars við lestur og að skoða saman bækur. Við sáum að vinnan skilaði sér í aukinni ánægju og áhuga bæði okkar sjálfra og barnanna. Það kom fram í svörum kennara í júní um verkefnið að þeir eru að verða öruggari með sig og sína vinnu, eru ekki eins stressaðir eins og á fyrstu árunum og að vinnan með verkefnið hafi leitt af sér meira öryggi og starfsánægju.

Við höfum saknað samráðsfunda með öðrum forystuskólum á Skólaskrifstofu. En þar sem við erum nú eini forystuskólinn í bænum hafa ekki verið neinir fundir. Það var mjög gott og lærdómsríkt að fara á fundi á Skólaskrifstofu og fá þar innlegg og ráðgjög frá þróunarfulltrúum og ekki síður að heyra frá hinum forystuskólunum um hvernig gekk og hvað þeir voru að gera.

Skipulag verkefnisins gekk að við teljum nokkuð vel. Hópstjórar studdust við verkefnamöppur eins og áður en því miður voru samráðsfundir hópstjóra ekki eins oft og við hefðum viljað. Við teljum að það sé mikilvægt að bæta úr því þar sem þessir fundir eru bæði til að miðla og fá upplýsingar, sem og að skerpa tengsl milli deilda leikskólans. Við gerum því ráð fyrir að setja ákveðna fundartíma á dagskrá næsta skólaár, þ.e. einn fund á skipulagsdegi og annan á vinnutíma á hvorri önn. Með því vonum við að verkefnið nái að festa betur og betur rætur í skólanum.

Okkur þykir ástæða að nefna að fjármagn var áætlað 1.200.000 pr. ár í upphafið og er þetta fyrsta árið sem það stenst. Þeir peningar sem hafa verið ætlaðið í verkefnið hafa skilað sér seinnt og illa hefur það skapað óöryggi og óvissu um framtíð verkefnisins meðal kennara. Þetta fór saman við að mjög hefur verið dregið úr yfirvinnu og fundum fyrir utan venjulegan vinnutíma, en þessir fundir eru sérstaklega mikilvægir vegna þess að þar komast upplýsingar beint til allra án milliliða.

Við teljum að það sé mjög mikilvægt að allir starfsmenn skólans séu vel upplýstir og komi að verkefnavinnunni til þess að efla áhuga og starfsánægju. Við vonumst því til að gerðar verði ráðstafanir til þess að hægt sé að halda inni fagfundum kennara og bæta við/eða fjölga starfsmannafundum á komandi árum til að viðhalda og efla þá vinnu sem verkefnið hefur skilað í skólastarfið.

## FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2011-2012: ...SKÓLI

Við hlökkum því til að takast á við verkefnið næstu árin og vinna að þeim hugmyndum sem kveiknað hafa.

Hafnarfirði \_\_\_\_ . \_\_\_\_ . 2012

\_\_\_\_\_

skólastjóri

\_\_\_\_\_

verkefnisstjóri

\_\_\_\_\_

verkefnisstjóri